

Hópurinn allur at svara 4 spurnum
síðari. Niðurstórt hópsbó

9. janúar 1982

Hópur 1

Hópstjóri: Kristín Ástgeirsdóttir

I hópnum: Anna Njálsdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Lára Arnórsdóttir, Ragnhildur Richter, Lára Júlíusdóttir, Marlies Árnason, María Jóhanna.

Hópurinn ræddi í fyrstu um það hvern skilning við legðum í "kvennaframboðið", hvort hér væri á ferðinni ný kvennahreyfing eða hvort ætlunin væri aðeins að bjóða fram til borgarstjórnar vorið 1982. Niðurstaðan varð sú að hreyfing væri hér upp komin, enda augljóst að ef kona yrði kosin, kostaði það minnst 4 ára starf, auk þess sem verkefni kvenfrelsisbaráttunnar væru næg og full þörf á nýrri kvennahreyfingu. En hver væri tilgangurinn? Jú, sá að róta upp í fólk, hleypa af stað umræðum, til að skapa betri borg, breyta ímynd valdamannsins (þ.e. konur inn í valdakerfið) og að skapa annars konar pólitík en þá sem ríkt hefur. Til hvers að fara út í framboð, ef við höfum ekki eðnur sjónarmi önnur baráttumál, aðra lífssýn. Framboðið og hreyfigin þarf að byggja á pottbéttum grunni var allra álit.

Það kom fram sú skoðun að við þyrftum að beita karlaaðferðum í baráttunni fram á vor, til þess að ekki yrði hlégið að okkur, en sú skoðun var kveðin niður og sagt að fyrst og fremst ættum við að vera máleznalegar, hreinskilnar og vissar í okkar sök. Það kom einnig fram að það væri ekki af ástæðulausu að ný kvenna hreyfing væri komin upp, þær sem fyrir eru einkennast vægast sag af stöðnun, þangað leita konur ekki.

Þeirri spurningu var varpað fram hvort konur vildu völd, hvo það væri ekki beim sjálfum að kenna að þær sætu ekki á valdastól þar sem ákvarðanir eru teknar? Því var svarað að það væri sam-dóma álit kvenna að þegar kemur að vissu stigi, kemur veggurinn ósýnilegi í ljós - hingað og ekki lengra. Spyrjanda var einnig bent á þá staðreynd hvernig farið er með konur við stöðuveit-

ingar og létt hún þá sannfærast.

Pá var komið að spurningunni hvers vegna kvennaframboð (hún kom að vísu nokkuð við sögu í fyrstu spurningunni) - Hvers vegna? Jú, vegna þess að konur standa utan valdakerfisins, bær eru áhrifalausar, bær búa við skertan hlut á vinnumarkaðnum, sem annars staðar og síðast en ekki síst hafa kunnur margt jákvætt fram að færa sem aldrei fær að komast upp á yfirborðið. Sem sagt sú reynsla og þau kvenlegu viðhorf sem einkenna konur (kvennamenningin) er dulin. Konur hafa ekki áhrif á mótnun samfélagsins, gildismat þeirra, sem er annað en karla hefur engin áhrif.

Sú skoðun kom einnig fram að konum væri best treystandi (jafnvel einum treystandi) til að bjarga þessum heimi sem nú rambar á heljarþróm.

Næsta spurning, um tilgang framboðsins þarf ekki að svara, því svörin eru þau sömu og við spurningunni á undan: sem sagt að virkja konur, vekja þær til umhugsunar og vitundar um stöðu sína og að skapa kvenlegri borg.

Hvað er það sem sameinar okkur var næsta spurning. Henni var svarað bannig, að reynsla okkar, kvennamenningin og bág staða (kvennakúgunin) sameinaði okkur - allar viljum við bæta hagkvenna, skapa meira mannlíf, þar sem karlar, konur og börn fá að njóta sín á jafnréttisgrundvelli.

Pá voru næst tekin fyrir plöggin sem lögð voru fyrir ráðstefnuna. Fyrst var tekið fyrir skrif Áslaugar og var samþykkt eftir nokkrar umræður að vísa því algjörlega frá. Rökstuðningurinn var sá að það væri vægast sagt loðið í orðalagi, óljóst, það fjallaði meira um málaflokka, en hugmyndafræði, það gæti verið frá nánast hvaða stjórmálaflokki sem er og síðast en ekki síst gengi það ekki út frá sjónarhlí kvenna, væri ekki kvennapolítískt. Þar með burt. Það komu ekki fram neinar mótbárur við þessu.

Sú tillaga var samþykkt í framhaldi af þessu að leggja til

að samræmingarnefnd ynni úr "sumarplagginu" og "kvennamenningar plagginu", þar væru sömu grundvallarhugmyndir á ferðinni.

Karlmannirnir blesaðir komu til tals og var samdóma álit að þeir ættu að hafa aðgang að hreyfingunni eftir að stefna hefði verið mótuð, þ.e. þeir verða að styðja kvennabaráttuna. (Það má spyrja hvort við ættum að gera tilraun til að koma karlmannum saman til að ræða "karlamál", ekki veitir af, en best væri að þeir ættu frumkvæðið sjálfir. Erlendis eru víða starfandi hópar karla sem ræða um karlhlutverkið - en í því sem mörgu öðru erum við aftarlega á merinni, enda karlveldið á Íslandi sem ramgert vígi.)..

Að síðustu skal nefnt að nokkuð var minnst á nafn hreyfingarinnar. Engar sérstakar tillögur komu fram, en sú skoðun var uppi að ekki ætti að fara í neina launkofa með að hér væri kvennahreyfing á ferðinni, kæmi hins vegar upp snjöll tillaga sem ekki hefur Kvenna- innifalið er það engin frágangssök, sé grundvöllurinn og stefnan ljós.

I hópnum ríkti mikil eining og þar bar margt á góma sem ekki skal tíundað hér, enda konum eðlilegt að fara út fyrir hinn þróramma spurninganna, taka dæmi og skjóta að sögukornum - sá þáttu kvennamenningarinnar lifi sem lengst (húrra!), en má þó ekki taka of mikinn tíma ef eitthvað á að ganga.

Kristín Ástgeirs Þóttir

Hópur 2

Hópstjóri: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Aðrar: Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Einarsdóttir,

~~Asta Ríkharðsdóttir, Steinunn Þjóðvarðar Þórhildr~~
~~Agustur Jónasson, Edela Þórguðni Þórhildr~~
~~Gunnlaugur Jónasson, Hulda Ólafsdóttir,~~

Hvers vegna kvennaframboð?

Elin Guðmundardóttir.

Hópurinn var sammála um að það væri til að auka þátt kvenna í stjórmálum og móta þá stjórnsýslu eftir okkar hofði, þ.e. breyta henni. Auk þess væri það ástæða fyrir kvennaframboði að auka meðvitund kvenna um stöðu sína og reynslu sem konur og vekja um leið athygli á máleznum kvenna.

Allar voru sammála um að til væri nokkuð sem kallast mætti kvennamenning samkvæmt þeim skilgreiningum sem Helga Kress hafði framsögu um ~~í byrjun~~ ráðstefnunnar, og að í kvennaframboð skyldi fara til að vekja athygli á þessari menningu og lyfta henni upp á yfirborðið sem stefnumótandi afli í þjóðféluginu.

Síðan ~~xarrxrákk~~ hættum við að vera sammála og varð töluverður ágreiningur um hvort líta ~~bæri~~ á okkur hér sem samtök um kvennaframboð eða kvennahreyfingu á viðari grundvelli. Eftir mikil ~~þann~~ fum og fuður varð sá skilningur ofan á að við værum hreyfing sem beina myndi öllum sínum kröftum að framboði fram til kosninga.

Næst ræddum við um afstöðu til karla og virtist sem allar teldu nauðsynlegt að samtökin væru opin karlmönnum, en að þeir gengju til samstarfs við okkur á okkar ~~þorrænum~~ grundvelli. Út frá þessu komu fram tvær tillögur um nafn á hreyfinguna: Samtök um kvennaframboð '82 og Samtök um kvennabaráttu.

Hvað sameinar okkur?

Sameiginleg reynsla okkar sem konur og upprunalegur sameiningarpunktur hlyti að vera að við fúnðum sem konur fyrir kúgun í einhverju formi. Auk þess vitnuðum við allar til hinna ýmsu málaflokka og komumst við aðeins til að ræða 3 slíka.

Atvinnumál: Okkur vari mismunað á atvinnumarkaðnum, bæði varð-

andi laun og aðstöðu og enn fremur varðandi viðhorf til kvenna sem annars flokks vinnuafls.

Dsgvistarmál: Rætt var um það að hættulegt gæti verið að greiða foreldri fyrir að vera heima og annast börn - þar sem það gæti orðið til þess að binda konur enn meira þ.e. þær kæmust síður út á vinnumarkaðinn. Voru skoðanir nokkuð skiptar vildu sumir meina að hagsmunir barna ættu að sitja í fyrirrúmi - að fá að hafa mömmu heima - þar sem tekjur konu eru yfirleitt lægri.

Bent var á að þessu ætti að breyta á annan hátt með sveigjanlegri og styttri vinnutíma og jafnvel takmarka greiðslur/við fyrstu tvö ár barnsins.

Fjárlunarleiðir: Aukinn sparnaður, húsmóður hagsýni og ódýrar lausnir hvar sem litið er, endurskoða gamlar samþykktir með þetta í huga - Einnig að gagnrýna það hvernig föstum tekjum borgarinnar er varið. Við gerðum okkur ljóst að til þess að framkvæma) þyrftum við að afla okkur frækari þekkingar á mál-efnum borgarinnar.

Þá kom fram að auka þyrfti skoðanaskipti okkar á milli til að finna hvað það er sem við getum allar staðið saman um og ~~þá~~ láta þá ágreining ~~h~~ hin ýmsu atriði/vega þungt á vogaskálunum.

Hópur 4

Hópstjóri: Anna Einarsdóttir

Hópur 3
stórlit
Görlitz

Rætt var um umræðugrundvöll þann sem Áslaug Ragnars lagði fram. Hópnum fannst hann byggja allt of mikið á ríkjandi hugmyndafræði og þar af leiðandi ríkjandi ástandi, t.d. í uppedlismálum og húsnæðismálum.

Umræðurnar sem fram fóru byggðust á uppkasti undirbúningshópsins frá í sumar ~~og~~ en einnig með hliðsjón af niðurstöðum menningarmalahópsins.

Rætt var um forsendur þessarar nýju hugmyndafræði (þ.e. ~~kvenn~~ kvennamenningarinnar) - þær væru aðeldri kvennahreyfingar hefðu ýmist ~~ekki~~ verið einangraðar pélitískt eða eins og kvennahreyfingar 8. áratugarina sem byggðu ekki nógum mikið á eiginlegri stöðu kvenna og reynslu þeirra.

Sú skoðun kom fram að skilgreining sú sem fram kom í plaggi Helgu Kress o.fl. myndi fæla konur frá. Í því sambandi kom fram að í rauninni væru 2 tímar allt of lítill timi til að gera sér greina fyrir þessari nýju hugmyndafræði en fælist í hugtakinu kvennamenning.

Rætt var um kvennahreyfingu annars vegar og framboð hins vegar. Tvær skoðanir votu uppi. a) að byggja á hugmyndafræði fyrst og fremst b) demba sér út í starfið strax og ræða hugmyndafræði samtímis.

Varðandi aðgang karla eða ekki, væru einnig tvær skoðanir á lofti, ~~þeir~~ ættu ekki að vera með og hins vegar að veita þeim takmarkaðan aðgang.

Umræður snérust um það að knýja þyrfti fram í þjóðféluginu viðurkenningu á reynsluheimi kvenna og viðhérnum kvenna og breyta þar með ríkjandi hugmyndafræði ~~og~~ í þeim tilgangi að reynsluheimur kvenna nýttist þjóðféluginu.

Varðandi nafnið var minnst á : Ný kvennahreyfing, Nýung, Kvenna-
samstaða og Ný pólitík

Starfshópur nr. X 5

Ingibjörg Þr Pálmadóttir

Þórunn Benjamínsdóttir

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Steinunn Björg Helgadóttir

Elín Brimðís Einarsdóttir

Magdalena Schram, hópstjóri.

Sinnig sat Hólmfríður Arnadóttir fundinn skamma stund.

Byrjað á kynningu, almennum umræðum etc. Alm. umræður snerust m.a. um kvennabaráttu til þessa - rætt um að Vík-verjar hefðu brotið blað í því að leggja áhersluna á sérstöð kvenna, þ.e. að ekki væri lengur um það að ræða að líkjast, líkja eftir, nálgast, karlmenn heldur að leggja áhersluna á að konur væru öðru vísni á slíkan hátt að ekki væri stæða til að eyðileggja það. Mjög svo athyglisvæðar umræður um það hvort konur fæddust öðru vísni eða væru gerðar öðruvísni, um eðli og félagshrif. Sammála í stúrum dráttum að konur væru gerðar öðru vísni. Þó á bent, að í uppeldi eru margir eðlisþættir teknir af strákum, þeim neitað um eðlilega framkomu) (ekki gráta ekki vera hræddur, etc) Stelpa ístrákaleikjum (tomboy) væri sniðug og ekki trufluð, en strákur í stelpuleikujm læknisfræðilegt vandamál jafnvel. XXXXX Mjög mikil þörf virtist vera á að ræða þessa hluti og sá hópstjóri ekki ástæður til að bremsa þær af að umtalsværmarki.

1) Hvers vegna kvennaframboð ?

Svara við þessu var leitað í plaggi menningarhóps, sem ánægja var með þrátt fyrir all margar athugasemdir.

Svörin voru í hópnum í þessum dúrum:

Við viljum ekki bjóða körlum byrginn, en...

Við erum sérstakar, öðruvísni, þess vegna er þa rf fyrir okkar sjónarmið

Við viljum meira vald. Nauðsynlegt er að við fáum að beita okkur á eigin forsendum og leikréglum.

2) Tilgangur kvennaframboðs?

Skarast mjög svör við 1) og 2). Tilgangur kvennaframboðs að vekja athygli á svörum við 1).

Mál til að sameinast um:

Lífið í Reykjavík, ekki síst atvinnulíf, sveigt að borgum fólksins og ekki öfugt. (Um mál, sem sameinast má um, var mjög vitnað í plágg "sumarstúlkanna")
Betta þýðir m.a. Breytt forgangsröð

verkefna, fjárfestinga etc.

Endurbætur í dagvistunarmálum /málefni barna
Starfshópurinn var sammála um að stefnan ætti ða vera
sú að gera heimilunum kleift að annast uppeldi barna
að svo miklu eða litlu leyti sem þau kjósa sjálf. Stefnar
ætti að vinna tvíhliða að því að fullnægja alveg dagvista
þörf og að koma í veg fyrir tvöfalt vinnuálag heimila,
þe að tvær fyrirvinnur séu nauðsynlegar eins og nú er.
Markmiðið á ekki að vera það að hið opinbera taki að
sér uppeldi barna og unglings, en krafan um móturneyti
virðistfela slíkt markmið í sér. Í þessu sambandi gæti
borgin haft forgöngu í t.d. að fjölga hálfsdagsstörfum,
(með því e.t.v. að hafa tvo menn í ~~sámm~~ sama stöðugildi)
greiða 100 % laun fyrir 60-75% vinnu fólks, sem hefur
börn yngri en 2 ára á framfæri. Framkvæmdahlið þessa var
nokkuð rædd og sýnt að erfitt að skipuleggja.

Gagnger endurskoðun dagvistarstofnana: Þau þurfa að
vera smærri, persónulegri og fleiri. Betur launuð.
Fleira starfsfólk. Foreldrasamtök og meiri afskipti
foreldra af rekstri eða skipulagi. Barnah.frekar en toga:
Skólamál(samfelliður tími, meirá nám).

Umferðamál (bættan strætó, vegartálmar)

Skipulagsmál(aukin virkni íbúa, hverfasamtök)
Sem sagt, þau mál geta sameinað okkur, sem þegar hafa
verið nefnd í því sambandi.

Maður

3) Nafn

Miklar umræður um afstöðuna til karla. Að lokum sam-
þykkt að konur ættu einar að móta stefnu og hugmyndir,
karlmönnum frjálst að starfa með á þeim grundvelli.
Ein úr hópnum var á því að karlmenn ættu ekki erindi.
Fram kom sú skoðun að konur mættu ekki beita körlum
þeim brögðum, sem samtök kvenna dæila á í fari karla.
Kvenfreslishreyfingin - kvenfrelsissamtökin, Samtök um
aukin áhrif kvenna, Kerlingabandalagið, voru þau nöfn
sem mest voru rædd. Engin niðurstaða fékkst.

Ráðstefna um grundvöll kvennaframboðs í Reykjavík 1982

Hótel Vík, 10. 1. 1982.

Hópur 6

Þessar konur voru í hópnum: Jóna Guðmundsdóttir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir, Sigrún Hjartardóttir, Guðfinna H. Friðriksdóttir, Sigríður H. Sveinsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Sólveig Georgsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir, Guðrún Friðgeirs dóttir (tvær síðast töldu sátum ekki ailan fundinn).

Hópstjóri: Guðrún Ólafsdóttir

Fundarritari: Sigrún Hjartardóttir

Verkefni: Svara eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvers vegna kvennaframboð?
- 2) Hver er tilgangur kvennaframboðs – hvaða mál sameina okkur til átaka?
- 3) Hvað eiga samtökin að heita?
- 4) Hver á afstaða samtakanna að vera til pátttöku karla?

Vinnuplögg: Álit "Sumarhópsins", Umræðugrundvöllur Áslaugar Ragnars o. fl., Niðurstaða umræðuhóps um menningarmál, (til hliðsjónar Stefnan í bæjarmálum frá kvennaframboðinu á Akureyri).

Niðurstöður:

1) Markmið og tilgangur

Hópurinn var sammála um að ástæðan fyrir kvennaframboði væri ekki að auka hlutdeild kvenna í stjórnsýslu sem slíka heldur að vinna að þeim grundvallarmarkmiðum, sem koma frá í niðurstöðum Menningarmálahópsins (sjá einkum XI. grein, bls.3) "Markmiðið er að kvennamenningin verði sýnileg og metin til jafns við karlamenningu í stefnumótun. Að karlar viðurkenni og tileinki sér þessa menningu á sama hátt og konur tileinki sér það besta og lífvænlegasta úr karlamenningu."

2) Framkvæmd

Hópurinn áleit að gera þurfi stutta og skýra stefnuskrá, byggða á sjónarmiðum, sem fram koma í niðurstöðum Menningarmálahópsins til almennrar dreifingar. Jafnframt þurfi að liggja fyrir fjarlegrí stefnuskrá framboðs og hreyfingar, svo að grundvöllurinn sé augljós öllum sem vilja starfa framboðinu.

Hópurinn vill leggja áherslu á nauðsyn þess að tryggt verði að virkir starfshópar standi að baki væntanlegum frambjóðendum og fulltrúum þeim til halds og trausts við lausn ákveðinna og afmarkaðra verkefna.

3) Málefni sem sameina

Hópurinn er sammála um að það sem sameinar konur til átaka er sameiginleg reynsla þeirra sem konur (sbr. niðurstöður Menningarmálahópsins) og að hún sé mikilvægari en það sem sundrar þeim, sem eru ólík lífskjör.

4) Einstakir málaflokkar

Húsnæðismál: Stefa ber að því að verði á hagkvæmu og fjölbreyttu leighúsnaði ekki síður en á eigin húsnæði og að upplýsingar um leighúsnaði miðist við raunverulegar ástæður hverju sinni.

Barnagæsla: Hópurinn vill vara við þeirri stefnu, sem kemur fram í Umræðugrundvelli Áslaugar Ragnars o. fl., bls. 4, að opinberir aðilar greiði fyrir umönnun barna, sem vistast á eigin heimili, þar sem slík stefna getur orðið til þess að torvelda konum að leita starfa utan heimilis og jafnvel til þess að auka prýsing á þær að hverfa aftur inn fyrir veggi heimilisins.

Nýtt starfsmat: Hópurinn álítur að það sé sameiginlegt hagsmunamál allra kvenna og reyndar forsenda fyrir því að meginstefnumál framboðsins nái fram að ganga, að berjast fyrir nýju starfsmati svo sem álit "Sumarhópsins" gerir ráð fyrir.

5) Afstaðan til karla

Hópurinn var sammála um að konur einar eiga að móta stefnu hreyfingarinnar, hins vegar voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort leyfa eigi þáttöku karla.

6) Nafn

Hópurinn var samála um að forðast beri orðið jáfnrétti, en nöfn eins og Kvennasamtökin, Kvennasamstaða þóttu hljóma vel.

Hópstjóri: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Aðrar: Svala Sigurleifsdóttir, Sólrún Gísladóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Guðrún Sigfúsdóttir, María Gísladóttir og Petrína Ásgeirsdóttir

Tillögur um nafn: Samstaða - hreyfing um aukin áhrif kvenna (til að auka áhrif kvenna).

Hvers vegna kvennaframboð?

Cánægja með stöðu kvenna í þjóðféluginu, þörfum okkar er ekki sinnt. Málefnum kvenna er ekki sinnt í stjórnmálaflokkunum Við stefnum að auknum áhrifum og völdum kvenna en þau fáum við ekki innan flokkanna eins og þeir eru í dag. Tekið sé tillit til sérreynslu kvenna t.d. það að þær ganga með börn og reka heimilin. Það þarf þólitískar aðgerðir til að vekja athygli á þeim skerta hag sem konur búa við og að vekja fleiri konur til umhugsunar um undirokana stöðu sína ásamt því að vera hvatning kvænna að láta til sín taka.

Tilgangurinn

- Að breyta almenningsálitinu gagnvart stöðu kvenna
- Komar og karlar hafi meira val í starfi þ.e. að bæði kynin geti sinnt störfum utan sem innan heimilið
- Meiri völd og áhrif
- Reynsla kvenna verði metin að verðleikum sbr. plagg frá menningarmálahópnum.

Hvaða mál sameina okkur?

- Launabarátta, breyting á starfsmati (Þ.e. að vinna við lifandi mannverur skuli minna metið en annað).
- dagvistarmál
- áhrifa og valdaleysi kvenna
- sjálfssímynd kvenna

Markmiðið er að hver og einn sé metinn eftir sínu mann-

gildi, en ekki eftir kyni, að valdi verði drejft varðandi ákvarðanir t.d. í málefnum bæjarhverfa, að fólk geti lifað lífvænlega með 40 stunda ~~m~~ vinnuviku, sem er forsenda fyrir því að hægt sé að tala um enn styttí vinnutíma, að fólki verði gert auðveldara að koma þaki yfir höfuðið t.d. með auknum framboði á leiguíbúðum og íbúðum sem hægt er að kaupa á leiguskilmálum.

Okkur finnst markmiðslýsing sú sem fram kemur í plaggi Áslaug Ragnars þurfi að vera skilmerkilegri og taka meira mið af kröfum kvenna. Sú staðhæfing sem fram kemur á bls. 1 þar sem segir að Konur skluli koma til móts við karla er ekki við-eigandi.

Það var skoðun hópsins að starfið skuli ekki vera lokað körlum en þeir sem koma til með að starfa þurfa að ganga að þeim forsendum sem við konur ~~þentgumx~~ setjum. Konur eiga að hafa yfirumsjón með þeim verkefnum sem við fáumst við.

Hópstuði: Helga Thorberg
Ritari: Sigriður Hauksdóttir
Aðrir: Eygló Eyjólfssdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir
Sigurrós Erlingsdóttir
Kristín Aðalsteinsdóttir
Sólveig Hafsteinsdóttir

Almennt var jákvæð afstaða sem kom fram hjá hópnum um "Niðurstöður umræðurhóps um menningarmál. Þar hafi komið fram hluti af hugmyndafræðilegum grundvelli, sem styrkir konur innbyrðis á sameiginlegum grunni.

Þar sé falinn sá vendipunktur sem orðið hefur í þessum kvenna-hreyfingar, (frelys) málum en það sé jákvæð afstaða til kvenna-menningar og kvenna. Það að við komum fram sem konur, stoltar og alsalar yfir því að vera konur, viljum ekki vera annað en konur og komum fram sem súkar með okkar reynsluheim.

Viljum ekki þurfa að velja á milli karlshlutverks eða kvenhlutverks. Í umræðunni kom fram að "jafnréttishugtakið" væri útjaskað og ætti að varast að nota það, alla vega nota það með fyrirvara vegna þeirrar reynslu sem fengist hefur, að konur í skjóli jafnréttis hafi orðið að fórna kvenleika og kvenreynslu sinni.

Spurningum 1 og 2 svarað hér í einu svari:

Konur hafa gert sér grein fyrir því að á grundvelli sameiginlegrar reynslu þeirra, þá geta þær sameinast um ákveðin málefni og markmið.

Við viljum að reynsla og störf kvenna fái að koma upp á yfirborðið verði nýtt í skipulagningu og stjórnun þessabjóðfélags sem við búum í.

Til þess að svo megi verða þurfa konur að komast til valda og þess vegna bjóðum við fram sérstakt kvennaframboð.

Spurning 2b):

Störf kvenna séu metin að verðoleikum og sérstök áhersla lögð á að bæta kjör lálaunakvenna.

Ákveðin störf á heimilum verði launum, umönnun ungbarna, aldraðra og fatlaðra.

Samfelldur skóladagur og athvarf fyrir öll börn og unglings.

Hópurinn var einhugaður meiri skóðun að nafnið á framboðinu gæti ekki verið annað en kvennaframboð. Hins vegar væri um tvö ólík mál að ræða; þ.e. annars vegar kvennaframboð og hins vegar samtök á bak við framboðið, sem væri grundvallarskilyrði framboðsins.

Karlmenn:

Aðalatriðið væri að kónur hljóta að móta stefnuskrá þessa og markmiðen karlmenn væru ekki útilokaðir í samstarfi, eftir að súlik móturn hefur átt sér stað.

Ráðstefna um kvennaframboð haldin 9. jan. 1982

Starfshópur nr. 9

Hélga fín hópur

1) Hvers vegna kvennaframboð ?

Við teljum að þau hlutföll sem nú ríkja milli karla og kvenna í stjórn þjóðfélagsins séu næg ástæða til þess að efnt verði til kvennaframboðs. En við erum sammála um að það verði að gera á grundvelli þeirra hugmynda um kvennamenningu sem eru niðurstöða umræðuhóps um menningarmál. Við teljum að hér sé á ferðinni ný sókn til kvenfrelsис og að rétt sé að láta reyna á þessa nýju kvennahreyfingu með framboði.

2) Hver er tilgangur kvennaframboðs ?

- hvaða mál sameina okkur til átaka

Tilgangurinn er að konur fái aðstöðu til að móta þjóðfélagið til jafns við karla. Við erum innilega sammála eftirfarandi málsgrein í niðurstöðu menningarmála-hópsins: "Markmiðið er að kvennamenningin verði sýnileg og metin til jafns við karlamenningu í stefnumótun. Að karlar viðurkenni og tileinki sér þessa menningu á sama hátt og konur tileinki sér það besta og lífvænlegasta úr karlamenningu." Því endanlegt markmið hlýtur að vera að karlar og konur vinni saman án þess að konur afsali sér sinni menningu og reynslu.

Það skal tekið fram að spurningin um nafn á samtökin var látin mæta afgangi og lítið tóm gafst til að ræða um það. Engin ákveðin uppástunga kom fram um nafn en hópurinn vill að það verði stutt, markvisst og gjarna hnyttið. Engin var mótfallin því að kenna nafnið við konur en það var ekki talið aðalatriði.

Töluvert var rætt um stefnu í ákveðnum málum og þar var höfð hliðsjón af grundvelli sumar-starfshópsins þar eð umræðugrundvöllur sem Áslaug Ragnars las upp á ráðstefnunni þótti ekki marka nógu skelegga stefnu. Einkum voru til umræðu kjaramál og aðstaða til vinnu, húsnæðismál og uppeldismál frá fæðingu - dagvistun - skólamál. Tíminn þótti alltof naumur til að hópurinn skilaði áliði um málaflökk, til þess þarf mun meiri vinnu.

Auk þess er það vilji flestra í hópnum að málefni sem tekin verða upp í nafni kvennaframboðs verði ekki eins hefðbundin

og hjá núverandi stjórnmálflokkum og að þau verði sett fram með öðrum blæ og annarri áróðurstækni, þetta er mjög brýnt við gerð stefnuskrár samtakanna og við væntanlega útgáfu kynningarblaðs.

Það er eitt allra mikilvægasta viðfangsefnið að finna hvernig hægt er að koma málum sem brenna á konum, og er hin sannkallaða kvennamenning, sem best á framfæri og á þann hátt að þau höfði til sem flestra, ekki eingöngu kvenna, þannig að fólk finni að þau varða líf þess á hverju heimili og á hverju aldursskeiði - og að þetta verði gert á þann hátt sem konur gera.

Vegna þess hve tíminn er naumur og hve brýnt er að halda áfram að ræða og ákveða sameiginlega stefnu var ákveðið að leggja fram eftirfarandi tillögu:

Hópur nr. 9 leggur til að haldinn verði annar ráðstefnudagur um hin sameiginlegu stefnumál og til þess valinn hentugur tími, væntanlega fljótt, og þá liggi fyrir samantekt þeirra hugmynda sem fram hafa komið í dag.

Fyrir hönd starfshóps nr. 9

Helga Jónassdóttir

Hrefna Þoraldsdóttir

Gudfinna Eydal

Sigríður Sigmundardóttir

Hlin Þórharsdóttir